

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- íbúðarsvæði
- verslunar- og þjónustusvæði
- svæði fyrir þjónustustofnanir
- athafnasvæði
- iðnaðarsvæði
- opið svæði til sérstakra nota
- óbyggð svæði
- landbúnaðarsvæði
- ræktuð tún, til skýringar
- hverfisvernd - fuglafriðland
- efnistökusvæði
- blönduð landnotkun
- vötn, ár og sjór

- flóðasvæð, til skýringar
- náttúruminjaskrá, 750, 777
- hverfisvernd í byggð
- efnislosunarsvæði

ÞJÓNUSTUKERFI

- stofnvegur og helgunarsvæði
- tengivegur
- aðrir vegir, götur og lóðarmörk, til skýringar
- göngu- og hjólastígar
- reiðstígar
- gömul þjóðleið
- sjóvarnargarður

- R rafveita, háspennulína
- J rafveita, jarðkapall yfir 11kW
- H hitaveita, stofnæð
- V vatnsveita, stofnæð
- F fráveita, stofnræsi

Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030

Fjörustígur - Göngu- og hjólastígur á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar

Einungis litaðar skýringar eru til staðfestingar

- s4 grunnskóli
- s21 fangelsi
- s27 dælustöð
- s28 aðveitustöð rafmagns

Athafnasvæði

- a1 efnislosun
- a4 efnistaka, sandtaka úr fjöru

Opin svæði til sérstakra nota

- o2 útivistarsvæði
- o4 leikvöllur
- o5 íþróttavöllur
- o8 golfvöllur

Náttúruverndarsvæði

750 fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka

777 Gamla-Hraun og nágrenni

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar

þann _____ 2015 samkvæmt 1. mgr. 36. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010

_____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____ 2015

_____

_____



GREINARGERÐ

Tilefni og aðstæður

Breyting þessi á aðalskipulagi Árborgar sýnir breytta legu göngu- og hjólastígs á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Breytt lega stígsins nær frá Merkisteinsvöllum á Eyrarbakka að göngubrú yfir Hraunsá, norðvestan Stokkseyrar. Stígurinn mun liggja á milli Gaulverjabæjarvegar nr. 33 og fjörukambsins.
Skilgreind landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er einkum opið svæði til sérstakra nota auk landbúnaðarsvæðis. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er staðsetning stígsins meðfram strandlengjunni. Hann mun því færast fjær sjónum við breytinguna.
Vestasti hluti stígsins mun liggja um ræktað land. Þá tekur við votlendara svæði þar sem hann mun liggja um Stóra-Hraunsland. Nokkru eftir að komið er í land Borgar mun lega stígsins vera í suðaustur ofan á aflagðri holræsalögn frá beinamjölsverksmiðju sem starfrækt var á Borg. Þá tekur við ræktað land. Þar skammt fyrir sunnan er komið inn á þann hluta stígsins sem búið er að leggja, samkvæmt gildandi aðalskipulagi, með varnargarðinum norðvestur af Stokkseyri. Með breytingu á legu stígsins er verið að minnka líkur á ágangi sjávar auk þess sem lengd hans styttist um ríflega 200m.
Ekki er um að ræða friðlýst svæði á náttúruminjaskrá, en á lista í skránni um "aðrar náttúruminjar" er að finna Gamla-Hraun og nágrenni vegna fjölbreytts lífríkis.

Samræmi við forsendur í aðalskipulagi

Í aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 er eitt af fjórum almennum markmiðum varðandi samgöngur í sveitarfélaginu eftirfarandi: ,,Lögð er áhersla á gott og öruggt aðgengi allra íbúa, þ.m.t. barna, aldraðra og fatlaðra, að svæðum og byggingum sveitarfélagsins, sérstaklega náttúru- og útivistarsvæðum og opinberum byggingum. Sérstök áhersla er lögð á að skapa góð skilyrði fyrir umferð gangandi, hjólreiðafólks og fatlaðra um bæjarlandið" (Árborg aðalskipulag 2010-2030,bls. 56). Þá segir einnig í aðalskipulaginu um samgöngur: ,,Haldið verður áfram að bæta göngu- og hjólastígakerfi í sveitarfélaginu. Stefnt skal að því að slíkt stígakerfi tengi saman alla þéttbýliskjarna í Árborg." (Árborg aðalskipulag 2010-2030, bls. 56).

Langmestur hluti svæðisins sem göngu-og hjólastígurinn fer um er, samkvæmt aðalskipulagi, á skilgreindu opnu svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir annars vegar almennu útivistarsvæði og hins vegar golfvelli.

Áhrifamat

Aðalskipulagsbreytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsbreytingin fellur því ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
Þó lagaákvæðið eigi ekki við í þessu tilfelli eru áhrifaþættir metnir út frá viðmiðum sem talin eru skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar og markmiða laganna. Getið er hvaða áhrif aðalskipulagsbreytingin hefur á samfélag og byggð, náttúrufar og landslag, heilsu og öryggi og að lokum verndarsvæði og minjar.
Hvað samfélag og byggð varðar eru áhrifin jákvæð þar sem gönguleiðin á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar styttist frá óbreyttu skipulagi og kostnaður við gerð og viðhald stígsins er minni en ella. Þá fer hann samkvæmt breytingunni alfarið um land í eigu sveitarfélagsins. Stígurinn verður að auki sjáanlegri, sem leiðir til meiri almennrar nýtingar.
Hvað náttúrufar og landslag varðar er það helst fuglalíf sem getur raskast við breytta legu göngu-og hjólastígsins. Mögulega eru það tímabundin áhrif sem dregur þá úr með tímanum. Allar nýjar framkvæmdir breyta ásýnd landslags.
Breytt skipulag stuðlar að betri heilsu og öryggi íbúa með minni bílaumferð og meiri hreyfingu. Möguleiki opnast fyrir vistvænni ferðamáta á milli heimilis, skóla og annarra vinnustaða. Öryggi er meira þar sem minni áhrifa gætir af sjó og vindi af hafi.
Hvað verndarsvæði og minjar varðar eru bæði staðsetning stígsins samkvæmt gildandi aðalskipulagi, sem og staðsetning samkvæmt þessari breytingatillögu, á svæði sem eru skráð í náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar (nr. 777) vegna fjölbreytts lífríkis.
Komið verður fyrir skiltum á völdum stöðum við göngu- og hjólastíginn með upplýsingum um sögu og minjar viðkomandi svæðis.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

TEIKNINÚMER	BLAÐSTÆRÐ	HANNAÐ:	
2839 - 039	A2	TEIKNAÐ:	MB
		YFIRFARIÐ:	PB
DAGS.	MÆLIKVARÐI		ÚTGÁFA
17.02.2015	1:10000		

EYRARBAKKI - STOKKSEYRI

FJÖRUSTÍGUR - GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR

TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGU

SAMÞYKKT:

Kennitala: